

*Atvinnuvega- og
nýsköpunarráðuneyti*

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**
Sendandi: **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti**
Dagsetning: **11.11.2020.**
Málsnúmer: **ANR20080108**

Efni: Umsagnir við frumvarp til laga um ráðstafanir gegn óréttmætri takmörkun á netumferð og annarri mismunun í viðskiptum (bann við mismunun)

Með tölvupósti nefndarritara efnahags- og viðskiptanefndar þann 6. nóvember sl. var óskað eftir viðbrögðum ráðuneytisins við tveimur umsögnum sem bárust nefndinni um frumvarp ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um ráðstafanir gegn óréttmætri takmörkun á netumferð o.fl.

Í umsögn Neytendasamtakanna er vakin athygli á því að í 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2018/302 sé gert ráð fyrir því að aðildarríki tilnefni a.m.k. einn aðila sem ber ábyrgð á að veita neytendum hagnýta aðstoð ef um er að ræða deilumál milli neytenda og seljanda sem leiðir af beitinu reglugerðarinnar. Þá kemur fram að frumvarpið virðist ekki gera ráð fyrir slíkum aðila heldur aðeins að Neytendastofa hafi eftirlit með framkvæmd laganna. Ráðuneytið hefur áður átt í samskiptum við Neytendasamtökin um að taka að sér hlutverk tilnefnds aðila skv. 8. gr. reglugerðarinnar. Þar sem sá aðili fer ekki með valdheimildir heldur er aðeins falið að veita hagnýta aðstoð er hins vegar ekki nauðsynlegt né æskilegt að tilgreina þann aðila í frumvarpinu. Eftir sem áður eru það áform ráðuneytisins að Neytendasamtökunum verði falið þetta hlutverk.

Í umsögn Nova er gerð athugasemd við orðalag í greinargerð frumvarpsins sem fjallar um gildissvið þess og reglugerðar (ESB) nr. 2018/302. Um gildissvið fer skv. 1. gr. reglugerðarinnar. Þar kemur m.a. fram að sú starfsemi sem vísað er til í 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2006/123/EB um þjónustuviðskipti á innri markaðnum sé undanskilin gildissviði reglugerðarinnar. Í c-lið 2. gr. þjónustutilskipunarinnar kemur fram að rafræn fjarskiptaþjónusta og fjarskiptanet og þjónusta því tengdu sem fjallað er um í tilskipunum 2002/19/EB, 2002/20/EB, 2002/21/EB, 2002/22/EB og 2002/58/EB falli utan gildissviðs tilskipunarinnar. Framangreindar tilskipanir hafa verið innleiddar í íslenskan rétt með lögum um fjarskipti, nr. 81/2003. Þjónustutilskipunin var innleidd í íslenskan rétt með lögum um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 76/2011. Í 2. mgr. 2. gr. laganna er tiltekin þjónustustarfsemi undanskilin gildissviði þeirra. Þar kemur m.a. fram í 3. tölul. að lögin gildi ekki um rafræna fjarskiptaþjónustu og fjarskiptanet sem og aðstöðu því tengdu. Umrædd þjónusta fellur því utan gildissviðs reglugerðar (ESB) nr. 2018/302. Þá tekur reglugerðin aðeins til hindrana sem seljendur setja í viðskiptum við kaupendur, sem ætla sér að vera endanotendur viðkomandi þjónustu, og viðskiptin eru yfir landamæri á innri markaðnum. Reglugerðin gildir ekki um samskipti fyrirtækja við stjórnvöld eða skilyrði sem stjórnvöld kunna að setja.

Með vísan til framangreinds er það mat ráðuneytisins að umsagnirnar kalli ekki á breytingar á frumvarpinu.

Nefndarsvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 30. október 2020

Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um ráðstafanir gegn óréttmætri takmörkun á netumferð o.fl., 23. mál.

Neytendasamtökin fagna því að til standi að innleiða reglugerð Evrópusambandsins nr. 2018/302 (hér eftir reglugerðin) um ráðstafanir gegn mismunum sem byggist á þjóðerni viðskiptavina.

Samtökin gera ekki efnislegar athugasemdir við ákvæði frumvarpsins en vilja þó vekja athygli á því að í 8. gr. reglugerðarinnar er gert ráð fyrir því að aðildarríki tilnefndi a.m.k. einn aðila sem ber ábyrgð á því að veita neytendum hagnýta aðstoð ef um er að ræða deilumál milli neytanda og seljanda sem leiðir af beitingu reglugerðarinnar. Í frumvarpinu virðist ekki vera gert ráð fyrir slíkum aðila, heldur einungis að Neytendastofa beri ábyrgð á fullnægjandi og skilvirkri framfylgd reglugerðarinnar sem eftirlitsaðili, sbr. 7. gr. reglugerðarinnar.

Í því samhengi vilja Neytendasamtökin benda á að þau hýsa Evrópsku neytendaaðstöðina (ECC) á Íslandi. ECC hefur það hlutverk að aðstoða og leiðbeina neytendum sem lenda í vandræðum vegna neytendaviðskipta yfir landamæri við seljanda sem staðsettur er í öðru landi innan Evrópusambandsins, í Noregi, í Bretlandi eða á Íslandi. ECC veitir þannig neytendum upplýsingar um réttarstöðu þeirra, úrlausnarleiðir og tekur að sér milligönguástoð í samstarfi við ECC stöðina í heimalandi seljandans. ECC á Íslandi hefur í raun nú þegar fengið fyrirspurnir frá neytendum varðandi þann rétt sem reglugerðin kveður á um og hefur bæði upplýst neytendur um efnisinntök hennar ásamt því að hafa komið kvörtun íslensks neytenda áleiðis til eftirlitsstjórnvalds í landi seljanda í samstarfi við ECC í viðkomandi landi.

Neytendasamtökin telja það því falla mjög vel að starfsemi ECC á Íslandi að taka að sér aðstoð við neytendur í samræmi við 8. gr. reglugerðarinnar. Þá er rétt að taka fram að í nær öllum löndum innan Evrópusambandsins þá hefur ECC í viðkomandi landi verið falið það hlutverk.

Að mati samtakanna væri því nærtækast að ECC á Íslandi, annaðhvort sérstaklega eða í samstarfi við Neytendasamtökin, yrði falið það hlutverk sem kveðið er á um í 8. gr. reglugerðarinnar.

Virðingarfyllst,



Breki Karlsson,
formaður Neytendasamtakanna

Nefndasvið Alþingis,

b.t. Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

sigrunhelga@althingi.is

Reykjavík, 30. október 2020

Varðar: Umsögn Nova um frumvarp til laga um óréttmæta
takmörkun á netumferð

Nova hf. hefur falið mér að koma á framfæri stuttri athugasemd varðandi neðangreint frumvarp til laga um óréttmæta takmörkun á netumferð, sbr. tölvupóstur þinn.

Í kafla 3.2. í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu segir að af "ákvæðum 3. mgr. 3. gr. og 5. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar leiðir að séu sérreglur í gildi í landslögum um tilteknar tegundir af vöru eða þjónustu sem fela í sér að seljendum er ekki heimilt að fylgja ákvæðum reglugerðarinnar um bann við mismunandi meðferð, þá halda slíkar takmarkanir gildi sínu þrátt fyrir ákvæði reglugerðarinnar og laga þessara ..."

Umbj. minn bendir á að þessi skýring í greinargerðinni er nokkuð lóðin eða illskiljanleg. Hvað sem því líður bendir umbj. minn á að í auknum mæli er til staðar framboð á erlendum hýsingarþjónustum sem t.d. geta hýst símsstöðvar líkt og þær sem mörg fyrirtæki nota í sínum rekstri og sem íslensk fjarskiptafyrirtæki nota til að veita þjónustu til fyrirtækja.

Póst- og fjarskiptastofnun mótar verklag í tengslum við úthlutun og notkun símanúmera þar sem m.a. eru hafðar til hliðsjónar reglur um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga á sviði fjarskipta (<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=dc46068b-cb05-4a72-a6f7-1663ef8d706d>). Í 6. gr. reglnanna eru rakin ýmis skilyrði.

Umbj. minn telur að ætla megi að skilyrði í frumvarpi til laga um ráðstafanir gegn óréttmætri takmörkun á netumferð o.fl. stangist á við þær skordur sem settar eru fram í framangreindum reglum um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga á sviði fjarskipta.

Þannig er í frumvarpi til laga um ráðstafanir gegn óréttmætri takmörkun á netumferð o.fl. almennt ekki heimilt að mismuna þjónustum (þá símanúmerum) en reglur PFS um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga á sviði fjarskipta má skilja sem svo að óheimilt sé að hýsa númerin erlendis.

Ef þetta er réttur skilningur hjá umbj. mínum þá er vakin athygli á þessu og þess óskað eða vænst að tekið verði á því með skýrum hætti hvaða fyrirkomulag skuli ráða í þessum efnum eftir lögfestingu frumvarpsins, komi til þess.

Virðingarfyllst,

Heimir Örn Herbertsson lögmaður